

Umsögn stjórnar SSNV um frumvarp til laga um sýslumann

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um embætti sýslumanns sem dómsmálaráðherra leggur fram. Um er að ræða mikilvægt mál sem snertir stjórnarsýslu ríkisins, aðgengi að opinberri þjónustu og framtíð opinberra starfa á landsbyggðinni. Umsagnarfrestur er til 8. apríl 2025.

Í fyrri drögum að frumvarpinu var kveðið skýrt á um að lögbundið aðsetur embættis sýslumanns yrði á landsbyggðinni. Nú hefur sú klausa verið felld brott úr frumvarpinu, sem vekur ugg um að framtíðarstaðsetning embættisins verði hugsanlega á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn SSNV telur slíka breytingu vera afturför í ljósi stefnu stjórnvalda um að efla opinbera þjónustu á landsbyggðinni. Stjórnin leggur því ríka áherslu á að ákvæði um lögbundið aðsetur embættis sýslumanns á landsbyggðinni verði aftur fært inn í frumvarpið.

Stjórn SSNV lýsir verulegum áhyggjum af því að frumvarpið skorti skýr ákvæði um framtíð starfsstöðva sýslumanns á landsbyggðinni, umfang þjónustunnar og nauðsynlegar valdheimildir. Þrátt fyrir að lýst sé vilja til að efla þjónustuna í dreifðum byggðum, vantar lagalegar tryggingar fyrir því í frumvarpinu sjálfu.

Í greinargerð frumvarpsins segir að markmiðið sé að standa vörð um grunnþjónustu hins opinbera og fjölga störfum á landsbyggðinni. Þá er vísað til þess að styrkja eigi starfsemi embættisins með aukinni sérhæfingu, notkun stafrænnar þjónustu og dreifðri þjónustu í heimabyggð. Stjórn SSNV bendir á að án skýrra og skuldbindandi ákvæða um þessa uppbyggingu sé hætt á að niðurskurður verði í stað eflingar. Reynslan sýnir að sameiningar stofnana hafa ítrekað leitt til fækkunar starfa og minnkandi þjónustu í héraði, sbr. þróun hjá öðrum ríkisstofnunum á borð við Ríkisútvarpið og Vegagerðina.

Jafnframt vekur stjórn SSNV athygli á að frumvarpið kveður á um að sýslumaður ákveði fagsvið og innra skipulag starfsstöðva. Því er nauðsynlegt að tryggja í lögum að valdheimildir til ákvarðanatöku í mikilvægum málum, svo sem sifjamálum og fullnustugerðum, verði áfram í boði á landsbyggðinni og ekki færðar einhliða á einn stað.

Stjórn SSNV kallar eftir því að í frumvarpið verði sett:

1. Skýr lagaleg ákvæði um verkefni og þjónustu sem veitt skal á hverri starfsstöð.
2. Trygging fyrir því að nauðsynlegar valdheimildir sýslumanns verði áfram til staðar í héraði.

3. Ákvæði um að starfsstöðvar á landsbyggðinni verði áfram reknar með eðlilegu umfangi og þróaðar til framtíðar, í samvinnu við sveitarfélög og með byggðapróun að leiðarljósi.
4. Gerð verði rekstraráætlun til lengri tíma svo unnt sé að tryggja stöðugleika í ráðningu starfsmanna og forðast spekileka úr embættunum.

Að síðustu leggur stjórn SSNV áherslu á að aðalskrifstofa sýslumanns verði staðsett á Norðurlandi vestra. Ríkið hefur þegar fjárfest í húsnæði á Blönduósi sem er vel til þess fallið að hýsa aðalskrifstofu embættisins. Með því væri stigið mikilvægt skref í að jafna aðgang að stjórnvaldsaðstöðu og opinberum störfum milli landshluta.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri þegar málið kemur til umfjöllunar á Alþingi og lýsir sig reiðubúna til samtals við ráðuneyti og Alþingi um leiðir til að styrkja opinbera þjónustu í héraði og tryggja störf á landsbyggðinni.